



77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um inngildingarmál Flutningsaðilar: ÍBR, UMSK, ÍRB, KKÍ og FSÍ

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna tillögur að því hvernig hreyfingin getur orðið leiðandi afl við að hjálpa fólki af erlendu bergi brotnu betur inn í samfélagið. Þá verði mótaðar tillögur að því hvernig hægt er að koma íþróttafélögum sem helst eru að takast á við þessi verkefni til aðstoðar. Tillögurnar miði að því að leggja til fjármagn og fræðslu sem er til þess fallin að auka þátttöku aðflutts fólks í íþróttastarfinu, sem líklegt til að styðja við aðlögun þeirra að samfélaginu.

Þá samþykkir íþróttaping að fræðsla um inngildingu í íþróttastarfi verði hluti af þjálfaramenntun ÍSÍ. Jafnframt samþykkir þingið að hægt verði að sækja sér þjálfaramenntun á öðru tungumáli en íslensku. Byrjað verði á að bjóða uppá námið á ensku.

Greinargerð:

Íþróttahreyfingin hefur alla burði til að vera ein sterkasta brúin inn í samfélagið fyrir fólk sem hingað flytur. Íþróttir hafa einstakt sameiningargildi, þar sem fólk hittist á jafnræðisgrundvelli, lærir tungumál, siði og tengist samfélaginu í gegnum sameiginleg gildi og reynslu.

Fjöldmörg íþróttafélög sinna nú þegar mikilvægu starfi í þessu samhengi, en oft á tíðum skortir þau úrræði, aðstoð og fræðslu til að takast á við þær sérstöku áskoranir sem geta fylgt fjölbreytileikanum. Nauðsynlegt er að þessi félög fái markvissan stuðning og að ÍSÍ stígi fram sem leiðandi afl í mótun inngildandi stefnu fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

Þjálfarar gegna lykilhlutverki í því að skapa jákvætt og opið umhverfi innan íþróttafélaga. Því er mikilvægt að inngilding verði hluti af þjálfaramenntun ÍSÍ. Með því að veita þjálfurum fræðslu og tæki til að mæta fjölbreyttum hópi iðkenda aukum við líkur á jákvæðri upplifun og áframhaldandi þátttöku.

Þá er það mikilvægt skref að bjóða þjálfaramenntun á erlendum tungumálum, sérstaklega fyrir fólk sem hefur dvalið skemmri tíma hér á landi. Þetta opnar möguleika fyrir fjölbreyttara fólk til að verða þátttakendur í leiðtogastöðum innan hreyfingarinnar, sem styrkir hana í heild sinni og endurspeglar betur samfélagið í heild.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar